

Haraldur Ólafsson

Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

Sandfoksveðrið mikla 5. október 2004

Mikið sandfok varð á sunnanverðu landinu þann 5. október 2004. Góðar gervitunglamyndir náðust af sandfokinu og nýtast þær til að greina straummynstur sem annars eru ósýnileg. Í ljós kemur að reiknaður straumur loftis yfir landinu í 9 km viðum möskvum er furðu nákvæmur og eins að sandfokið er drifið áfram af vindum sem er hraðað af fjöllum. Mikilvægur þáttur í lofstraumnum þennan dag var hitahvarf neðarlega í veðrahvolfinu. Ofan hitahvarfsins var hlýtt loft sem rekja má rակleitt til Grænlands. Segja má því að hnjúkaþeyr af Íslandi hafi lokast undir hnjúkaþeyr af Grænlandi og vindur því magnast meira en oft er. Atburður þessi er enn ein staðfesting á ágæti veðurspákerfisins sem sýnt er á belgingur.is og sagt er frá annars staðar